


Árskýrsla

Skýrsla formanns Golfklúbbsins Dalbúa starfsárið 2023



Fallegi Dalbúi

Það gekk nokkuð vel hjá okkur á Dalbúa í sumar en vegna mikillar bleytu á vellinum hjá okkur í upphafi sumars frestuðum við opnun vallarins okkar til 2. júní, en þetta er 2-3 vikum síðar en áður hefur verið. Það að fresta opnun aðeins reyndist okkur vel inn í sumarið en gestir á vellinum í sumar hrósuðu okkur mjög fyrir ástand vallarins í sumar. Eyjólfur Óli Jónsson vallarstjóri stóð sig mjög vel í því að sinna vellinum eins og undanfarin ár.

Þetta sumarið eins og árið áður þá vorum við aðeins með rástímaskráningar við lýði en aðilar utan GSÍ skráðu sig í skála þegar komið var að spila en með því að senda inn beiðni fyrirfram vegna skráningar á völlinn. Það sama átti við fyrir aðila innan Grafíu, RSÍ, VM og aðila sem hafa keypt af okkur kort fyrir sumarhús á svæðinu. Í sumar auglýstum við nokkuð með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum sem yfirskriftinni „Fallegi Dalbúi“ og náði það að kynna

Dalbúa vel. Samkvæmt skráningum á vellinum í gegnum golf.is þá var gestafjöldi hjá okkur rúmlega 15.000 samanborið við tæplega 4.000 árið 2022.

Félagsmönnum hefur ekki fjölgað þetta árið frekar en árið áður þrátt fyrir að nýir félagsmenn hafi bæst við þá hafa aðrir hætt af ýmsum ástæðum. Við þurfum að halda áfram að fá inn nýja félaga en það er ein af forsendum þess að Dalbúi haldi áfram að vaxa og dafna.

Þann 15. maí vorum við með vinnudag hjá klúbbnum. Mæting var að venju góð þar sem félagsmenn tóku til hendinni. Glompur voru hreinsaðar, vökvunargræjum var komið fyrir, tré gróðursett og bekkir lagaðir, svo eitthvað sé nefnt. Í haust þá fengum við verktaka til þess að gata hjá okkur flatirnar. Veðurfarið sumarið 2023 var heilt yfir gott.

Umfangsmestu úrbótaverkefni sem unnin voru þetta sumarið var lagfæring og endurbygging á tjörninni okkar, uppsetning salernishúss, stækkan 9. teigs og byrjað var á úrbótum á vökvunarkerfi vallarins. Nýjar flokkunartunnur voru settar upp á vellinum.

Heilt yfir þá er vélakostur Dalbúa í þokkalegu standi en keypt var inn notuð flatarslátturvél fyrir sumarið. Hér á eftir undir önnur mál verður farið yfir tillögur vallarnefndar og vallarstjóra varðandi tækjakaup og hvort að skynsamlegt sé fyrir Dalbúa að taka í notkun slátturróbóta.

Völlurinn okkar var í mjög góðu standi þetta árið. Eyjólfur Óli Jónsson vallarstjóri og hans fólk sinnti slætti og umhirðunni vel.

Komið var upp skiltum við klúbbhús og við brautir þar sem helstu samstarfs og styrktaraðilum voru gerð betri skil en áður.

Katrín Erla Kjartansdóttir stóð vaktina í skálanum hjá okkur þetta sumarið eins og sumarið áður og sinnti starfinu með miklum ágætum. Katrín tók brosandi á móti kylfingum eftir golfring og bauð upp á kaffi og veitingar og eða eitthvað kalt til þess að kæla sig. Við þökkum henni kærlega fyrir og vonum að við fáum að njóta krafta hennar áfram næsta summar. Ný húsgögn voru keypt á pallinn hjá okkur í byrjun sumars.

Formaður og variformaður voru í sambandi við aðildarfélög varðandi stækkan á golfskálanum. Leitað var til verktaka til þess að meta með áætlaðan kostnað við þá framkvæmd. Það þarf að bæta aðstöðuna hjá okkur við skálann og verður farið nánar yfir það hér undir önnur mál á eftir. Það þarf nauðsynlega að bæta skálann hjá okkur.

Golfmót sumarsins voru sjö þetta sumarið og heppnuðust þau öll mjög vel og var góð þátttaka í þeim öllum. Í nokkrum af móturnum þá þurfti að ræsa tvöfalt upp á nokkrum teigum. Í öllum móturnum var rafræn skráning á skori sem mæltist mjög vel fyrir. Það fyrirkomulag auðveldaði mjög uppgjör á móturnum.

Lokamót Dalbúa var sett upp sem bændaglíma og enduðum við mótið og starfsárið með grillveisu og hálfgerðu sveitaballi þar sem maður var manns gaman. Í skýrslu mótanefndar eru nánari upplýsingar um mótið sumarsins.

Í ágúst sendum við karlalið á Íslandsmót golfklúbba 5. deild á Höfn í Hornafirði. Okkar fulltrúar þar voru Eyjólfur Óli Jónsson, Guðmundur Hauksson, Júlíus Pálsson og Magnús Gautur Gíslason. Þeir félagarnir voru okkur til mikils sóma og reiknum við með að taka þátt aftur á næsta ári og ná þá að senda kvennalið líka.

11.-12. ágúst buðum við upp á golfkennslu á vellinum hjá okkur og mættu um 30 aðilar í kennsluna. Örn Ólafsson golfkennari sá um kennsluna og fór hann yfir pútt, járnin, stutta spilið og vipp á námskeiðinu. Við munum örugglega endurtaka þetta síðar en mikil ánægja var með þetta framtak.

Anna Helgadóttir ritarinn okkar sá um að gera allar auglýsingar fyrir viðburðina hjá okkur og voru þær allar sérlega glæsilegar og á hún bestu þakkir skildar fyrir það framlag. Öll mótið og viðburðir voru auglýstir með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum.

Formaður mætti á golfþing 2023 sem fram fór á Grand Hótel í Reykjavík 10. og 11. nóvember.

Stjórn Dalbúa og helstu nefndir 2023:

Stjórn:

Gísli B. Ívarsson, formaður

Ásbjörn Sveinbjörnsson, varaformaður

Eiríkur Þorláksson, gjaldkeri

Anna Helgadóttir, ritari

Guðbjörg Ingólfssdóttir, meðstjórnandi

Bryndís Scheving, varamaður

Helgi Einarsson, varamaður

Mótanefnd:

Guðbjörg Ingólfssdóttir, formaður

Ásbjörn Sveinbjörnsson

Klara Lísa Hervaldsdóttir,

Guðni Elíasson, gudniel@isl.is

Guðmundur Hauksson

Júlíus Pálsson

Vallarnefnd:

Haraldur Ólafsson, formaður

Eyjólfur Óli Jónsson

Snaebjörn Stefánsson

Logi Knútsson

Forgjafanefnd:

Eiríkur Þorláksson

Hafþór B. Guðmundsson

Húsnefnd:

Gísli B. Ívarsson

Bryndís Scheving

Eyjólfur Óli Jónsson

Þorkell Svarfdal Hilmarsson

Hrönn Jónsdóttir

Guðni Gunnarsson

Aganefnd:

Hafþór B. Guðmundsson

Eiríkur Þorláksson

Umsjón með vefsíðu:

Gísli B. Ívarsson

Gjaldkeri mun gera sérstaklega grein fyrir fjármálum klúbbsins á nýliðnu starfsári hér á eftir, en í stuttu máli þá má segja að reksturinn hafi verið í góðu jafnvægi líkt og síðustu ár.

Að lokum þá vil ég þakka stjórn og nefndarmönnum fyrir gott samstarf á þessu starfsári. Einnig vil ég þakka öllum félögum í Dalbúa fyrir góð og skemmtileg samskipti og hvet ég ykkur áfram til þess að vera í sambandi ef eitthvað er.

Ég vil einnig þakka Eyjólfi vallarstjóra fyrir það að halda vellinum okkar svona vel við en það getur verið krefjandi og stundum hafa dagarnir verið langir hjá honum og hans fólk. Eins þá vil ég þakka Katrínu skálastjóra fyrir hennar framlag í sumar en nokkrar helgar voru mjög stórar og krefjandi að vera alltaf til staðar. Alltaf tók hún á móti öllum með bros á vör og hlýlegu viðmóti.

Samstarfs- og styrktaraðilum okkar, Grafiu, Rafiðnaðarsambandi Íslands og Félagi Vélstjóra og málmtæknimanna færum við bestu þakkir fyrir stuðning þeirra. Hann er ómetanlegur nú sem fyrr. Einnig vil ég þakka Laugarvatni Fontana, Samkaupum, Danco, Heimilistækjum og Ölgerðinni fyrir þeirra framlag og öllum þeim öðrum sem hafa styrkt klúbbinn á einn eða annan hátt á liðnu sumri.

Gísli B. Ívarsson, formaður Golfklúbbsins Dalbúa

2023

Vallarnefnd Dalbúa



Haraldur Ólafsson
Snæbjörn Stefánsson
Eyjólfur Óli Jónsson
Logi Knútsson

11/23/2023

Efnisyfirlit

Völlurinn	2
Sláttur	2
Til framtíðar	3
Vélakostur.....	3
Lokaorð	3

Völlurinn

Völlurinn kom í heild sinni vel undan vetri. Engar kalskemmdir voru eftir veturinn og völlurinn almennt í góðu standi.

15. maí skipulagði vallarnefndin vinnudag. Góður hópur félagsmanna mætti og tók til hendinni. Glompur hreinsaðar, vökvunargræjum komið fyrir, tré gróðursett o.s. frv. Næstu daga á eftir var unnið við götun, sáningu og söndun flata ásamt því að borið var á teiga og flatir. Fenginn var utanaðkomandi verktaki til að annast götun flata sem er nýmæli hjá Dalbúa. Það er mat vallarnefndar að skynsamlegt sé að halda því áfram að fá verktaka með fullkomna götunarvál til að annast þennen verkþátt í framtíðinni. Völlurinn var síðan opnaður fyrir félagsmenn 2. Júní en völlurinn var þá mjög blautur og félagsmenn hvattir til að taka tillit til þess.

Veðurfarið sumarið 2023 var heilt yfir gott þó að lágt hitastig í byrjun sumars og væta hafi gert það að verkum að völlurinn var opnaður seinna en oft áður. Almennt var góð spretta, þurkatímabil í júlí og ágúst kallaði á vökvun í talverðu mæli.

Heilt yfir má segja að völlurinn hafi verið í mjög góðu standi þetta sumarið.

Sláttur

2023 var útfærsla sláttar með svipuðum hætti og árin á undan en sú útfærsla var þróuð með tilliti til ábendinga frá notendum vallarins. Nýr starfsmaður vann við sláttinn þetta sumarið en Eyjólfur sá um verkstjórn og þjálfun nýja sláttumannsins. Heilt yfir gekk sú vinna vel.

Flatarmál þess svæðis sem er að jafnaði slegið var mælt lauslega. Mælingin var framkvæmd eftir loftmynd, en samkvæmt mælingunni er slegið svæði sumarið 2019 nálægt 12,8 ha.

Brautir	46.600	m2	Vinnustundir við slátt (skv. tímamælum sláttuvéla)		
Kargi	51.490	m2		2023	2022
Kargi viðbót 2019	16.500	m2	Brautir	607 klst	219 klst
Teigar	1.225	m2	Kargi	341 klst	355 klst
Flatir	3.850	m2	Flatir	86 klst	155 klst
Æfingasvæði	8.160	m2	Samtals	1034 klst	729 klst
	127.825	m2			

Ef borinn er saman rekstrarkostnaður árin 2018-2023 á hvern ha. vallarins sem sleginn er að jafnaði má greina að kostnaðurinn (vélaviðhald, varahlutir, eldsneyti, fræ, áburður, sandur o.frv.) er að einhverju leiti breytilegur milli ára.

	slegnir ha.	heildarkostnaður	verð pr. ha
2018	11,2	2.175.233 ISK	194.217 ISK
2019	12,8	2.550.051 ISK	199.223 ISK
2020	12,8	2.007.439 ISK	156.831 ISK
2021	12,8	1.599.021 ISK	124.923 IKR
2022	12,8	2.410.897 IKR	188.351 IKR
2023	12,8	2.919.121 IKR	228.056 IKR

*tölur úr rekstrarreikningi Dalbúa

Til framtíðar

Á vormánuðum veitti vallarnefndin stjórn Dalbúa ráðgjof varðandi úrbótaverkefna sem mætti vinna að á vellinum í náinni framtíð. Farið var yfir verkefnalista frá fyrra ári og hann uppfærður. Stjórn Dalbúa samþykkti að vinna samkvæmt tillögu vallarnefndar. Segja má að umfangsmestu úrbótaverkefnin sem unnin voru á árinu hafi verið lafæring á tjörn, uppsetning salernishúss, stækkun 9.teigs, einnig má geta þess að byrjað var á úrbótum á vökvunarkerfi vallarins.

Vélakostur

Ný (notuð) flatarsláttuvél var keypt í byrjun sumars. Heilt yfir er vélarkostur GD í þokkalegu standi. Segja má að forsenda þess að sláttur og önnur umhirða vallarins sé í góðu standi er að til staðar sé nauðsynlegur, áreiðanlegur vélarkostur. Árið 2023 var nokkuð hagstætt hvað varðar viðhald véla.

Vallarnefndin fór yfir almennt ástand á þeim vélum sem Dalbúi hefur yfir að ráða.

Heilt yfir má segja að Dalbúi sé þokkalega staddur hvað varðar vélar fyrir næsta ár. Varðandi aukinn vélarkost sem til bóta væri að klúbburinn hefði yfir að ráða má helst nefna sand-dreifara og flatarvaltara. Nefndin leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að huga að endurnýjun vélarkosts tímanlega til að tryggja góðan og öruggan rekstur vallarins.

Vallarnefnd skoðaði hvort skynsamlegt sé til framtíðar að taka í notkun slátturóbóta hjá Daldbúa. Nefndin tók saman minnisblað til stjórnar Dalbúa þar sem farið var yfir þau tækifæri sem felast í því að innleiða þessa tækni hjá Dalbúa ásamt gráflegri áætlun um það hvernig mætti standa að innleiðingu sláttu-róbóta hjá Dalbúa.

Lokaorð

Að lokum má segja að sumarið 2023 hjá Dalbúa hafi gengið vel og að veðrið hafi verið með ágætum. Margir gestir vallarins höfðu á orði að völlurinn væri sérlega vel hirtur og gaman að heimsækja Dalbúa.

Eins og að framan er getið hafa nokkrar áhugaverðar hugmyndir að úrbótum á vellinum verið til umræðu undanfarin ár. Vallarnefndin vill í því sambandi leggja áherslu á, að þegar kemur að því að forgangsraða verkefnum, sé það ávallt sett í fyrsta forgangi að hafa brautir, teiga og flatir sem eru til staðar í sem bestu standi. Einnig að vélakostur vallarins bjóði upp á að hægt sé að viðhalda góðu ástandi.

f.h. vallarnefndar

Haraldur Ólafsson



GOLFKLÚBBURINN DALBÚI SKÝRSLA MÓTANEFNDAR 2023

Í mótanefnd 2023 voru Guðbjörg Ingólfssdóttir sem formaður, Ásbjörn Sveinbjörnsson, Klara Lísa Hervaldsdóttir, Guðmundur Hauksson, Július Pálsson og Guðni Kristinn Elíasson.

Sumarið 2023 voru haldin 7 mót á Dalbúa.

Þau verða talin upp hér fyrir neðan með helstu niðurstöðum og nokkrum myndum í lokin.
Sjá má nánari upplýsingar inn á Facebooksíðu klúbbsins og eins inn á golfbox.is.

Fyrsta móti sumarsins var Kristalmót Dalbúa sem var haldið þann 10.júní.

34 leikmenn skráðir til leiks.

Þetta var í fyrsta skiptið þar sem keppendur skráðu sjálfir inn skor í gegnum Golfbox og mæltist það vel fyrir.
Hitastigið hefði mátt vera hærra og lognið meira en sólin og keppnisskapið hélt á fólk hita.

Mótið var haldið í samstarfi við Ölgerðina sem er einn af samstarfsaðilum okkar.

Kept var í punktakeppni karla og kvenna þar sem hámarksforgjöf var 28 fyrir karla og 36 fyrir konur.

Veglegir vinningar voru veittir fyrir fyrstu þrjú sætin bæði í karla- og kvennaflokk í boði Ölgerðarinnar, auk þess sem veitt voru verðlaun fyrir lengsta upphafshögg karla og kvenna á 3. braut og fyrir að vera næst holu í upphafshöggi á 5/14 og 8/17 holum. Einnig var dregið úr skorkortum þeirra sem höfðu ekki unnið til verðlauna.

Úrslit konur:

- 1.sæti – Anna Svandís Helgadóttir, 36 punktar
2.sæti – Margrét Björk Jóhannsdóttir, 35 punktar
3.sæti – Sveinbjörg Ingvarsdóttir, 28 punktar (betri seinni 9)

Lengsta högg kvenna á þriðju braut, Petrína Sigurðardóttir

Lengsta högg karla á þriðju braut, Sigurður Karlsson

Næst holu á 5./14. braut Böðvar Þórisson (4,14 m)

Næst holu á 8./17. braut Elías Kristjánsson (2,55 m)

Úrslit karlar:

- 1.sæti – Guðmundur Hauksson, 36 punktar
2.sæti – Oddgeir, Sæmundur, Sæmundsson, 33 punktar (betri seinni 9)
3.sæti – Böðvar Þórisson, 33, punktar

Jónsmessumótið var 23.júní kl:20 og voru spilaðar 9 holur með Greensome fyrirkomulagi.
16 pör/lið töku þátt.

Jónsmessumót golfklúbbsins Dalbúa og Krambúðarinnar fór fram föstudaginn 23. júní kl. 20:00.
Rétt áður en leikur var hafinn braust blessuð sólin fram og fylgdi okkur inn í kvöldið.

Leikið var eftir Greensome fyrirkomulagi.

Þátttakendum var boðið upp á grillaða hamborgara eftir mótið og mæltist það vel fyrir.

Úrslit liða mótsins voru þannig að lið Há Há var í 1. sæti,
í 2. sæti var svo Valsson/Einarsson og í 3. sæti var Hjálmarsdóttir/Haraldsson.

Önnur úrslit voru svo að Iðunn Jónsdóttir var með lengsta högg kvenna á þriðju braut en Björn Vilhelmsen var með lengsta högg hjá körlum. Halldór Einarsson var svo næst holu á 5. braut (1,82m).

Krambúðin sá um verðlaun fyrir verðlaunasæti og útdráttarverðlaun en Ölgerðin gaf einnig útdráttarvinninga.

Meistaramót Dalbúa dagana 15-16.júlí

Meistaramót Dalbúa fór fram í ágætis veðri. Leikinn var 2 x 18 högggleikur með og án forgjafar og einnig var bætt við auka flokki þar sem leikin var 2 x 9 holu leikur. Eiríkur Þorláksson félagi okkar og gjaldkeri var ræsir á mótinu og fór vel yfir staðarreglur og almennar reglur.

Úrslit í högggleik var þannig að Anthony Karl Flores var í 1. sæti hjá körlum á 170 höggum og Sigrún María Ingmundardóttir í 1. sæti hjá konum á 186 höggum.

Í 2. sæti í högggleik voru svo Guðmundur Hauksson og Anna Svandís Helgadóttir og í 3. sæti urðu svo Örn Helgi Haraldsson og Ása Þorkelsdóttir.

Í högggleik með forgjöf voru svo Þorvaldur Ingimundarson og Sveinbjörg Ingvarsdóttir í 1. sæti, í 2. sæti urðu svo Þórður Heiðar Jónsson og Bryndís Scheving og í 3. sæti enduðu Eyjólfur Öli Jónsson og Valgerður Sveinbjörnsdóttir. Í auka floknum, sem kom nýr í ár, inn var svo Ólafur Ragnar Ingvarsson í 1. sæti hjá körlum og Guðbjörg Ingólfssdóttir hjá konum, í 2. sæti urðu svo Arnar Olsen Richardsson og Klara Lísa Hervaldsdóttir. Benedikt Guðmundsson og Björg Benediksson voru svo í 3. sæti þar. Í restina var svo dregið um allskonar golf glaðninga úr skorkortum þeirra sem ekki höfðu unnið til verðlauna.

Almenn ánægja þátttakenda er með tveggja daga fyrirkomulag á meistaramótinu og þessa þrjár mismunandi flokka og verður það örugglega endurtekið næsta ár.

Kvennamót Föndru var haldið laugardaginn 22.júlí í blíðskaparveðri.

42 konur voru skráðar til leiks og leiknar voru 9 holur.

Leikar fóru svo að í 1. Sæti var Gróa Ásgeirs dóttir, í 2.sæti Bergþóra Ragnarsdóttir og í 3.sæti hafnaði svo Margrét Helgadóttir.

Næst holu á 5.braut = Heiðrún Hauksdóttir

Lengsta drive á 3.braut = Kristín Eiríksdóttir

Lengsta drive á 7.braut = Hildur Björk Guðmundsóttir

Mikil gleði var með þetta móti, glæsilegir vinningar og útdráttarvinningar voru veittir í boði

Föndru. Eftir móti var Katrín í skálanum með ljúffenga súpu og brauð til sölu fyrir þær sem vildu.

19.ágúst var okkar árlega Fontana móti haldið.

Veður var með besta móti og mættu 28 kylfingar til leiks.

Úrslit urðu eftirfarandi :

Karlar

1.sæti varð Þorvaldur Ingimundarson
2.sæti hlaut Björn Þorfinnsson
3.sæti Þórður Heiðar Jónsson

Konur

1.sæti varð Helga Danielsdóttir
2.sæti Þorgerður Hafsteinsdóttir
3.sæti Bryndís Scheving.

Auk þessara verðlaunasæta voru veitt verðlaun fyrir lengsta teighögg og næst holu eins og vaninn er og eins voru dregnir út fjölmargir vinningar sem styrktaraðlini mótsins, Fontana, lét okkur í té.

Árlegu styrktarmóti Danco sem vera átti laugardaginn 2.september var frestað um viku vegna veðurs og var haldið laugardaginn 9.september.

Að þessu sinni var um að ræða 2 manna Texas scramble sem heppnaðist frábærlega.

Hvorki fleiri en 52 leikmenn voru skráðir og veðurguðirnir höfðu tekið gleði sína á ný.

Allur ágöði af mótinu rann til uppbyggingar á vellinum í Miðdal og til að styrkja starfsemi klúbbsins okkar.

Skemmtilegt er að segja frá því að þrír ættliðir spiliðu saman í holli í mótinu en og aftur en það eru þeir Sæmundur Árnason, Oddgeir Sæmundsson, Sindri Snær Oddgeirsson og fylgdi Ragnar Þórisson svo með þeim til þess að fylla hollið. Vegna fjölda í mótinu þá þurfið að ræsa tvöfalt á fjórum brautum en það rann ágætlega í gegn.

Úrsliðið voru spennandi og sem hér segir: (það munaði aðeins 0,2 punktum á þriðja, fjórða og fimmta sætinu)

1. sæti. „Mulligan á fyrstu“ (Bragi Dór Hafsteinsson/Sigurður Orri Hafþórsson) – 49,4 punktar

2. sæti. „Klín&Empty“ (Hreinn Porkelsson/Auður Róseyjardóttir) – 42,4 punktar

3. sæti. „Eyberg“ (Oddgeir Sæmundur Sæmundsson/Sindri Snær Oddgeirsson) – 40,2 punktar

Upphafshögg næst holu á 5/14 braut – Bragi Dór Hafsteinsson

Upphafshögg næst holu á 8/17 braut – Oddgeir Sæmundur Sæmundsson

Lengsta upphafshögg kvenna á 3/12 braut – Helga Kristín Sæbjörnsdóttir

Lengsta upphafshögg karla á 3/12 braut – Sindri Snær Oddgeirsson

Í lokin var svo dregið úr nöfnum þeirra sem ekki höfðu unnið til verðlauna um veglega vinninga.

Lokamót ársins var svo haldið 23.september og var ræst út af öllum teigum kl 12:00

Sú nýbreytni var að nú var blásið til bændaglímu með 2 manna liðum og kepptu þar

annars vegar „Rauða liðið“ sem Anna Svandís leiddi og hins vegar „Bláa liðið“

sem Guðmundur Hauksson fór í forsvari fyrir.

Eftir æsispennandi keppni og skemmtilegan dag, þá enduðu leikmenn í rauða liðinu sem sigurverrarar dagsins.

Upphaflegt plan hafði verið að hafa mótið alls 18 holur (2 hringir) en um miðvik keppninnar opnuðust himnarnir og mírigndi á keppendur ásamt því að farið var að kólna og blásu.

Því var tekin sú ákvörðun að keppnin sjálf yrði fyrri 9 holurnar en þeim sem vildu bauðst að sjálfsögðu að klára holurnar 18 áður en komið væri í hús.

Eftir móti grillaði mótanefnd og aðstoðarfólk lambalæri ásamt öllu meðlæti og eftir verðlaunatilkynningu og útdráttarverðlaun (þar sem allir félagsmenn fengu eitthvað) hélt taumlaus gleðin áfram eitthvað fram eftir degi. Mikil ánægja var með þennan dag og skildu félagsmenn sem mætt höfðu mikið sáttir og kátir.

Þess má geta að í öllum mótaum sumarsins var notast við rafrænaskráningu skorkorta hjá leikmönnum og gafst það afskaplega vel fyrir og flýtti mjög eftirvinnslu mótaanna.

F.H. Mótanefndar,
Guðbjörg Ingólfssdóttir
Formaður

Myndir frá sumrinu má finna hér (í öfugri tímaröð)

<https://www.facebook.com/profile.php?id=100057319665604&sk=photos>

